

From: Gylfi Zoega [mailto:gz@hi.is]
Sent: 25. ~~desember~~ 2008 11:21 *VÖ.*
To: Eiríkur Áki Eggertsson
Subject: Viðbót

Alþingi
Erindi nr. Þ 136/204
komudagur 25.11.2008

Sæll vertu. Mér fannst eftirfarandi ekki koma nægilega vel fram:

Gengi gjaldmiðils fer m.a. eftir væntingum um framtíðargengi hans. Ef við búumst við því að krónan falli mikið þá mun hún strax falla mikið; við viljum fremur hafa peningana okkar í erlendum myntum og erlendum skuldabréfum þegar við búumst við gengislækkun og þá lækkar krónan líka eins og við bjuggumst við. Seðlabanki hefur áhrif á væntingar með yfirlýsingum sínum og trúverðugleika. Þessi eru tvö stýritæki hans; vextimir sem hafa einhver áhrif á gengið og yfirlýsingar sem hafa áhrif ef fólk trúir honum. Ef markaðir trúa því að vextir verði hækkaðir í framtíð ef krónan gefur mikið eftir þá eru minni líkur á því að hún gefi eftir og þá þarf ekki að hækka vextil! Góður seðlabankastjóri er sá sem lýsir því yfir að hann muni gera það sem þarf til þess að áætlunin takist -- hækka vexti uns krónan nær jafnvægi aftur -- og er trúað og treyst af markaðinum en fer svo heim til sín og vonar að til slíkra aðgerða þurfi aldrei að grípa.

Ef nú seðlabankastjóri lýsir því yfir að hann hafi efasemdir um aðgerðirnar, þær séu ekki hans, heldur alþjóðagjaldeyrissjóðsins, að hann vilji fremur lækka vexti þá er sennileg afleiðing þess sú að krónan veikist meira en ella og það kosti meiri vaxtahækkanir að styðja við hana. Afleiðingar skorts á trúverðugleika eru háir vextir, hærrí en þeir þyrftu að vera. Það er líka mikilvægt að seðlabankastjóri tali það tungumál sem markaðirnir skilja.

Hið sama á við um ríkisstjórn.

Vona að þetta skiljist.

Kv,

Gylfi Zoega